

Ein formleg beiðni barst frá stjórn ÞÍ varðandi 5. gr. laga Þroskaþjálfafélags Íslands, en í þeirri grein er fjallað um stjórnarsetu og stéttarfélagsaðild. Tillaga laganefndar ÞÍ er að breyta 5. gr. laga með eftirfarandi hætti:

Núverandi 5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabili, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Eftir tillögu að breytingu að 5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr hópi ritara og gjaldkera. Eigi færri en fimm af sjö stjórnarmeðlimum skulu vera með stéttarfélagsaðild.

Virðingarfyllst fyrir hönd laganefndar,

Damian Marek Idzikowski